

Nd. **335. Frumvarp til laga** [92. mál]

um breyting á lögum um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 25 22. apríl 1967.

(Eftir 2. umr. í Nd., 15. des.)

1. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Nú fær skip eða loftfar Landhelgisgæslunnar laun fyrir björgun verðmæta og fer þá um ráðstöfun björgunarlauna eftir ákvæðum laga, þó svo að hlutur áhafnar skiptist að rétttri tiltölu miðað við fóst mánaðarlaun hvers og eins. Hlutur Landhelgisgæslunnar af björgunarlaunum rennur í Landhelgissjóð.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. gilda um afgreiðslu björgunarmála eftir 15. september 1986.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.